

Kílómetragjald

Breytingar á skattmati í staðgreiðslu frá 1. mars 1999

Frá og með 1. mars 1999 breytist skattmat á kílómetragjaldi.

Breytt framsetning akstursgjalds

Sérstakt gjald og torfærugjald eru nú reiknuð sem tiltekið álag á almenna gjaldið en ekki birt sérstaklega eins og tíðkast hefur.

Mat á endurgreiddum bifreiðakostnaði til launamanns vegna afnota launagreiðanda af bifreið hans, sem halda má utan staðgreiðslu, verður:

Almennt kílómetragjald

Fyrstu	10.000 km	kr. 38,20 pr. km
Næstu	10.000 km	kr. 34,40 pr. km
Umfram	20.000 km	kr. 30,55 pr. km

Sérstakt gjald

Greitt vegna aksturs á vegum fyrir almenna umferð þar sem ekki er bundið slitlag.

Ef greitt er sérstakt gjald reiknast 15% álag á almennt kílómetragjald.

Torfærugjald

Greitt vegna aksturs utan vega eða á vegslóðum sem ekki eru færir fólksbílum.

Ef greitt er torfærugjald reiknast 45% álag á almennt kílómetragjald.

Hlunnindamat vegna takmarkaðra afnota

Hlunnindi vegna takmarkaðra afnota af bifreið í eigu launagreiðanda verða kr. 38,20 pr. km.